



## Gjaldskrá

Skipulags- og byggingarmála í Kjósarhreppi vegna afgreiðslu umsókna, leyfisveitinga og þjónustu.

### 1.gr.

Gjaldskrá þessi fyrir skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps er sett með heimild í lög um mannvirki nr. 160/2010 með tilvísun til 51. og 53. gr. laganna.

### 2.gr.

Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

### 3.gr.

Tekjum sveitafélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta af kostnaðar sveitafélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

### 4.gr.

Upphæðir gjaldskrár breytast árlega 1.jan, í samræmi við breytingu vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitalan er 148,0 stig þann 01.júlí 2020.

### 5.gr.

Gjaldskráin skiptist í eftirfarandi gjaldflokka:

#### A - Byggingarleyfisgjöld

Byggingarleyfisgjöld eru fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, meðal annars við undirbúning og útgáfu byggingarleyfis, stöðuleyfis, eftirlit, yfirferð hönnunargagna og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá.

**Fyrir byggingarleyfi skal greiða gjöld sem hér segir :**

Afgreiðslugjald	15.504 kr.
Íbúðarhúsa allt að 600 m <sup>3</sup> , pr. hús:	210.588 kr.
Fyrir rúmmetra umfram 600 m <sup>3</sup> , pr. m <sup>3</sup> :	181 kr.
Fyrir útihús á lögbýlum allt að 1000 m <sup>3</sup> , pr. hús:	109.815
kr.Fyrir rúmmetra umfram 1000 m <sup>3</sup> , pr. m <sup>3</sup> :	88 kr.
Sumarhús og annað ekki upptalið allt að 200 m <sup>3</sup> , pr. hús:	109.815
kr. Fyrir rúmmetra umfram 200 m <sup>3</sup> , pr. m <sup>3</sup> :	300 kr.
Viðbyggingar, sólstofur, pallar, smáhýsi fast gjald, pr. framkv:	109.815
kr.Viðbyggingar, sólstofur, smáhýsi, umfram 200 m <sup>3</sup> :	300 kr.
Atvinnu og þjónustuhús allt að 500 m <sup>3</sup> , pr. hús:	145.990 kr.
Fyrir rúmmetra umfram 500 m <sup>3</sup> , pr. hús:	88 kr.
Yfirferð aðaluppdráttá	19.638 kr.
Úttektargjald	12.791 kr.
Áfangaúttekt/stöðuúttekt, skýrsla	50.774 kr.



Fokheldisvottorð fyrir frístundarhús	8.914 kr.
Fokheldisvottorð fyrir íbúðarhúsnæði	17.571 kr.
Úttekt vegna meistaraskipta	50.774 kr.
Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	50.774 kr.
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	12.791 kr.
Umsýsla vegna stofnunar lóðar eða breytingar á lóð	19.638 kr.
Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	25.710 kr.

## **B – Þjónustugjöld**

Stöðuleyfi smáhýsis og 20 ft. gáms til eins árs	27.131 kr.
Stöðuleyfi smáhýsis og 20 ft. gáms til hálfis árs	15.504 kr.
Stöðuleyfi 40 ft. gáms til eins árs	41.342 kr.
Endurnýjun leyfis án breytinga	12.791 kr.
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	30.046 kr.
Grenndarkynning	30.046 kr.

## **C – Skipulagsgjöld**

**C.1.** *Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytingu á uppdráttum, auglýsinga og kynningu vegna málsins.*

**C.2.** *Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.*

**C.3.** *Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:*

Afgreiðslugjald	15.504 kr.
Auka yfirferð á breytingu aðalskipulagsuppdráttar.	12.791 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2.mgr. 20.gr. skipulagslaga nr. 123/2010	379.318 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010	252.964 kr.

**C.4.** *Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:*

Afgreiðslugjald	15.504 kr.
Auka yfirferð á nýrri deiliskipulagstillögu, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, krafðið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald.	12.791 kr.



Umsýslu og auglýsingakostnaður, sb. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 168.600 kr.

**C.5. Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:**

Afgreiðslugjald 15.504 kr./klst.

Auka yfirferð á verulegri breytingu deiliskipulagsuppráttar,  
sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,  
krafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald 12.791 kr./klst.

Umsýslu- og auglýsingarkostnaður vegna verulegra breytinga,  
sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 168.600 kr.

**C.6. Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:**

Afgreiðslugjald 15.504 kr./klst.

Auka yfirferð á óverulegri breytingu deiliskipulagsuppráttar,  
sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,  
krafið skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald 12.791 kr./klst.

Umsýslu og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga,  
sbr. 2. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 56.199 kr.

**D – Framkvæmdaleyfisgjöld**

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi ákveður skipulags- og byggingarnefnd eftir umfangi framkvæmda. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.

Lágmarksgjald skal aldrei vera lægra en, 19.379 kr.

**6.gr**

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu vera á gjalddaga við útgáfu reiknings og eindagi á byggingarleyfisgjöldum eru 30 dögum síðar. Eindagi á þjónustugjöldum er 10 dögum síðar. Sendur er greiðsluseðill til greiðanda.

Byggingarleyfi er ekki gilt fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða um þau samið.

**7.gr.**

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af hreppsnefnd Kjósarhrepps með heimild í 20. gr. og 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr., 52. gr., 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 898/2006.

Kjósarhreppi, 1. febrúar 2022.

**Karl Magnús Kristjánsson**

Oddviti Kjósarhrepps